

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „utanfarasjóð ljósmæðra“, útgefin 128
 á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. júní 1953. 23. júní
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir utanfarasjóð ljósmæðra.

1. gr.

Sjóðurinn heitir utanfarasjóður ljósmæðra.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja ljósmæður til framhaldsmenntunar erlendis, ferðalaga, sem farin eru í þágu ljósmæðrastéttarinnar á vegum Ljósmæðrafélags Íslands, eða annað, sem nauðsynlegt verður að teljast í því sambandi.

3. gr.

Aðnjótandi styrktar úr sjóðnum getur hver sú ljósmóðir orðið, sem hefur greitt kr. 100.00 í sjóðinn, og er félagi í Ljósmæðrafélagi Íslands, og þyki sýnilegt, að hún muni nota styrkinn í þeim erindum, sem fram eru tekin í 2. gr.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipar stjórn ljósmæðrafélagsins, og tvær ljósmæður kosnar á aðalfundi félagsins, og fer um kosningu þeirra eftir lögum ljósmæðrafélagsins og fundarsköpun. Kjörtímabil sjóðstjórnar er hið sama og stjórnar ljósmæðrafélagsins. Formaður ljósmæðrafélagsins er jafnframt formaður sjóðstjórnar.

5. gr.

Í sjóðstjórn ræður meirihluti stjórnarmeðlima úrslitum.

6. gr.

Styrk úr sjóðnum getur hver sú ljósmóðir fengið, sem uppfyllir skilyrði 3. gr. skipulagsskrár þessarar.

7. gr.

Umsókn um styrk úr sjóðnum skal stíla til formanns sjóðstjórnar, undirritaða af ljósmóðurinni sjálfri, ásamt prófbréfi og greinargerðar um, til hvers hún ætli að nota styrkinn.

8. gr.

Ákvörðun um veitingar úr sjóðnum tekur sjóðstjórnin í hverju einstöku tilfelli, og ber henni þá að fara eftir ástæðum umsækjanda og kostnaðaráætlun, eftir því sem við verður komið.

9. gr.

Úr sjóðnum má verja til styrktar árlegum vöxtum sjóðsins, að undanskildum kr. 100.00, sem leggst við höfuðstólinn.

Berist fleiri en ein umsókn, skal veita þeirri sem hæfust er talin og líklegust þykir til áframhaldandi ljósmóðurstarfs. Sæki enginn um styrkinn, skal hann geymdur til næsta árs.

10. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í tryggum verðbréfum í einhverjum bankanna eða öðrum jafntryggum stöðum, og skulu endurskoðaðir reikningar sjóðsins árlega lagðir fram, ásamt reikningum ljósmæðrafélagsins.